

## Reglur um styrki vegna varmadælna í Hörgársveit

### 1. gr.

Hörgársveit hefur haft frumkvæði að því að fá ráðgjafa til skoða varmadæluvæðingu í Hörgársveit. Í framhladi af þeirri skoðun hefur verið ákveðið að Hörgársveit veiti fjárstyrk til fasteignaeigenda í Hörgársveit í því skyni að setja upp varmadælu (e. Heat pump) sem draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi hitaveitu nær ekki til. Styrkurinn er hugsaður til þess að styrkja eigendur og íbúa viðkomandi fasteigna til þess að setja upp varmadælu, þar sem svo háttar til, að ekki verður við komið að nýta hitaveitu tæknilega eða með hagkvæmum hætti fjárhagslega.

### 2. gr.

#### Fjárhagslegur grundvöllur:

Samkvæmt mati ráðgjafa er kostnaður við kaup og uppsetningu varmadæla að meðaltali um 2,3 millj. króna á hverjum stað. Kostnaður við ráðgjafa þjónustu er um 300 þús. króna á hverjum stað. Samtals um 2,6 millj. króna á hverjum stað.

Áætlaður kostnaður skiptist sem hér segir:

Áætlaður styrkur frá Orkustofnun: 1,0 – 1,2 millj. króna \*

Styrkur frá Hörgársveit: 600 þús. kr. (300 þús. greitt beint til ráðgjafa og 300 þús. vegna kaupa og uppsetningar greitt til eiganda).

Kostnaður eiganda: 800 þús. -1,0 millj. króna (sambærileg tala og áætlað heimtaugagjald hitaveitu).

*\* Í nýjum reglum sem nú eru til meðferðar í ráðuneyti orkumála og áætlað er að komi til afgreiðslu á vorþingi 2022, er rætt um styrk að þeirri fjárhæð sem um getur hér að ofan og að niðurgreiðsla til húshitunar haldi áfram eftir styrkveitingu sem gerir húshitun með varmadælu að hagkvæmari kosti en ella.*

### 3. gr.

#### Styrkur

Frá gildistöku þessara reglna nemur fjárhæð styrks vegna kaupa og uppsetningar kr. 300.000 fyrir hvern umsækjanda í íbúðarhúsnæði, sem samþykkt er samkvæmt 2.grein. Miðað er við að sá sæki um styrkinn sem skráður er þinglýstur eigandi íbúðarhúsnæðis sem nýtur niðurgreiðslu rafmagns til húshitunar og ætlar að ráðast í framkvæmdir vegna varmadælu til orkusparnaðar. Fyrst og fremst er miðað við varmadælu sem eru þekktur og viðurkenndur kostur til sparnaðar raforku til húshitunar. Gert er ráð fyrir að samþykkt styrkfjárhæð komi til greiðslu um leið og hún hefur hlotið samþykki samkvæmt 4.gr.

### 4. gr.

#### Samþykkt styrks og greiðsla

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Hörgársveitar undirritaðri umsókn um styrk og geri í umsókninni grein fyrir framkvæmdinni. Að framkvæmdinni og úttekt lokinni er styrkur greiddur inn á reikning sem umsækjandi hefur tilgreint sem innborgunarreikning styrks.

*Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 24.02.2022*